

Sprotar-eignarhaldsfélag Háskóla Íslands ehf

Ársreikningur 2025

kt: 4912220260

Sæmundargötu 2

102 Reykjavík

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar	2
Áritun endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9

Skýrsla stjórnar

Sprotar-eignarhaldsfélag Háskóla Íslands ehf var stofnað á árinu 2022. Tilgangur félagsins er að fara með eignarhald og umsýslu með eignarhlutum og hlutafé í rannsóknar- og sprotafyrirtækjum sem Háskóli Íslands hefur aðkomu að.

Ársreikningur þessi er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og eru allar fjárhæðir í íslenskum krónum.

Breytingar urðu á stjórn félagsins á árinu 2025. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir lét af störfum sem stjórnarformaður og tók Arnar Þór Músson við af henni. Elín Soffía Ólafsdóttir sat áfram í stjórn og Lotta María Ellingsen var kjörin nýr stjórnarmaður á árinu. Stöðu framkvæmdarstjóra skipar áfram hann Oddur Sturluson. Stjórn gerir ráð fyrir áframhaldandi starfsemi félagsins og telur að starfshættir verði þeir sömu og á árum áður.

Í lok árs 2025 átti Sprotar-eignarhaldsfélag Háskóla Íslands (SEHÍ) hlut í 21 sprotafyrirtæki á ólíkum þroskastigum, einkum á sviði lífvísinda, heilbrigðistækni, hugbúnaðar og samfélagslegrar nýsköpunar: Akthelia, Artica Biosciences, Atmonia, Capretto, Fiix Greining, Florealis, Grein Research, Heilsugreind, Hugarheill, Intranasally, KatlaCode, Lipid Pharmaceuticals, Marsýn, NunaTrix, Oculis AG, Minamo, Orkusproti, Oxymap, Risk, SagaNatura og Kaldur Lyfjaþróun.

Í upphafi árs voru allir hlutir Sprotar-eignarhaldsfélags HÍ í félaginu Internet á Íslandi (ISNIC) seldir til framtakssjóðsins SÍA IV slhf. fyrir 51.710.879 kr. Um sumarið samþykkti stjórn Sprotar-eignarhaldsfélags HÍ að taka þátt í hlutafjárfestingu Risk ehf. til að verja eignarhlut SEHÍ gegn útpynningu. Félagið Kaldur Lyfjaþróun ehf. bættist við í eignasafnið á árinu en félagið Tamarar ehf., sem HÍ átti hlut í, lagði niður starfsemi. Gengið var frá samningi um aðild Háskóla Íslands að Vit—heilbrigðismáttækni ehf., en undirritun kaupsamnings fer fram á rekstrarárinu 2026.

Oculis Holding AG var áfram verðmætasta fyrirtækið í eignasafni SEHÍ. Gengi hlutabréfa var gott en mótaðist af almennum aðstæðum á lífvísindamörkuðum sem og væntingum fjárfesta til framvindu klínískrar þróunar.

Á árinu voru veittir fyrstu tveir hagnýtingarstyrkir (e. proof-of-concept grants) félagsins sem markaði mikilvægt skref í að efla snemmtækan stuðning við fyrirtæki í eignasafninu. Unnið er að því að þróa og bæta við fjölbreyttari styrkjakosti til að styðja enn betur við nýsköpunarverkefni innan Háskóla Íslands.

Samkvæmt rekstrarreikningi varð hagnaður af rekstri félagsins 52.528.652 kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins í árslok 2025 alls 55.009.421 kr. og eigið fé var 54.669.922 kr. Fjöldi ársverka á árinu var 0.

Í árslok 2025 var einn hluthafi í félaginu eins og í ársbyrjun. Hluthafi í Sprotum-eignarhaldsfélagi Háskóla Íslands ehf var í árslok:

Háskóli Íslands	100%
-----------------------	------

Ekki er heimild til úthlutunar arðs úr félaginu samkvæmt samþykktum þess.

Skýrsla stjórnar

Stjórn og framkvæmdastjóri Sprota-eignarhaldsfélags Háskóla Íslands ehf staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025, með undirritun sinni.

Reykjavík, 3. febrúar 2026

Arnar Þór Másson, stjórnarformaður

Elín Soffía Ólafsdóttir, stjórnarmaður

Lotta María Ellingsen, stjórnarmaður

Oddur Sturluson, Framkvæmdastjóri

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Sprota-eignarhaldsfélags Háskóla Íslands ehf.

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Sprota-eignarhaldsfélags Háskóla Íslands ehf fyrir árið 2025 og við vinnu okkar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlega staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.

Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningshalds og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn og þar með talin nákvæmni og heild undirliggjandi gagna er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Þar sem aðstoð við gerð ársreikninga er ekki staðfestingarvinna og því staðfestum við ekki nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Við veitum því ekki álit á fylgni ársreikningsins við gildandi lög og reglur þar sem þau eru hvorki endurskoðuð né könnuð.

Reykjavík, 3. febrúar 2026

Sveinbjörn Sveinbjörnsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur		2.061.960	22.503
Vaxtagjöld	(	1.696)	0
Söluhagnaður hlutabréfa		51.451.164	0
Mótttekinn arður		0	778.788
	3	<u>53.511.428</u>	<u>801.291</u>
Rekstrargjöld:			
Annar rekstrarkostnaður		<u>740.477</u>	<u>173.300</u>
		<u>740.477</u>	<u>173.300</u>
Hagnaður af rekstri fyrir tekjuskatt		52.770.951	627.991
Tekjuskattur	8	(242.299)	0
Hagnaður ársins		<u><u>52.528.652</u></u>	<u><u>627.991</u></u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2025	2024
Fastafjármunir:			
Fjáreignir:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	4	848.826	1.108.541
Fastafjármunir		848.826	1.108.541
Veltufjármunir:			
Skammtímakröfur:			
Lánveitingar til tengdra félaga	5	598.490	0
Aðrar skammtímakröfur		450.003	7.372
Handbært fé		53.112.102	1.142.657
Veltufjármunir		54.160.595	1.150.029
Eignir samtals		55.009.421	2.258.570

31. desember 2025

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2025	2024
Eigið fé:			
Hlutfé	6,7	1.534.576	1.534.576
Lögbundinn varasjóður		383.644	49.185
Óráðstafað eigið fé		52.751.702	557.509
Eigið fé	7	54.669.922	2.141.270
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við tengda aðila		75.000	75.000
Tekjuskattur til greiðslu	8	242.299	0
Aðrar skammtímaskuldir		22.200	42.300
Skammtímaskuldir		339.499	117.300
Skuldir samtals		339.499	117.300
Skuldir og eigið fé samtals		55.009.421	2.258.570

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar:			
Hagnaður ársins		52.528.652	627.991
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
(Söluhagnaður) sölutap eignarhluta í félögum	(	51.451.164)	0
		<u>1.077.488</u>	<u>627.991</u>
Veltufé frá rekstri			
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtíma kröfur, (hækkun) lækkun	(	442.631)	125.014
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		222.199	42.300
		<u>220.432</u>	<u>167.314</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum	(		
		<u>857.056</u>	<u>795.305</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingahreyfingar:			
Söluverð á eignarhlutum í félögum		51.710.879	0
Lánveitingar, breyting	(	598.490)	0
Verðbréfaeign, breyting		0	(73.965)
		<u>51.112.389</u>	<u>(73.965)</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Fjármögnunarhreyfingar:			
Stöður við tengda aðila, breyting		0	75.000
		<u>0</u>	<u>75.000</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Hækkun á handbæru fé		51.969.445	796.340
Handbært fé í ársbyrjun		1.142.657	346.317
Handbært fé í árslok		<u>53.112.102</u>	<u>1.142.657</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir og ýmsar grunnupplýsingar

1. Sprotar-eignarhaldsfélag Háskóla Íslands ehf er skráð að Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík og er það heimilisfesti félagsins.
2. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
3. Frekari umfjöllun um reikningsskilaaðferðir vegna einstakra liða í ársreikningi er að finna í skýringum fyrir viðkomandi liði hér á eftir.

Fastafjármunir

Fjáreignir

4. Upplýsingar um eignarhluti í félögum:

Eignarhlutir í félögum eru færðir á nafnvirði í bókum félagsins. Félagið seldi á árinu eignarhlut sinn í Internet á Íslandi hf.

	Eignarhlutur	Hlutfé
Akthelia ehf., Reykjavík	1,15%	18.750
Artica Bioscience ehf., Seltjarnarnes	10,00%	50.000
Atmonia ehf., Seltjarnarnes	6,70%	52.083
Capretto ehf., Grenivík	0,23%	50.000
Fiix greining ehf., Garðabær	0,23%	20.000
Florealis ehf., Hafnarfjörður	0,03%	1.795
Grein Research ehf., Reykjavík	9,71%	66.667
Heilsugreind ehf., Seltjarnarnes	5,00%	25.000
Hugarheill ehf., Reykjavík	4,00%	20.000
Intranasally ehf., Reykjavík	16,67%	83.333
Kaldur Lyfjapróun ehf., Seltjarnarnes	5,50%	27.500
KatlaCode ehf., Reykjavík	5,00%	25.000
Lipid Pharmaceuticals ehf., Reykjavík	2,68%	30.000
Marsýn ehf., Seltjarnarnes	10,00%	50.000
Minamo ehf., Reykjavík	10,00%	50.000
NúnaTrix ehf., Reykjavík	6,00%	30.000
Oculis ehf., Reykjavík	0,23%	118.011
Orkusproti ehf., Kópavogi	10,00%	50.000
Oxymap ehf., Reykjavík	3,44%	30.000
Risk ehf., Reykjavík	2,91%	50.000
SagaNatura ehf., Hafnafjörður	0,04%	687
Samtals		848.826

Skýringar, frh.:

Veltufjármunir

Skammtímakröfur

5. Upplýsingar um skuldabréf við tengd félög:

Félagið veitti Risk ehf. lán á árinu að fjárhæð 582.000 kr. með 15% vöxtum. Láninu fylgir skuldabréf sem kveður á um heimild til að breyta lánsfjárhæð í hlutafé í Risk ehf. Gjaldldagi lánsins er 31. desember 2026.

Eigið fé

6. Hlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess nam 1.534.576 kr. í árslok 2025. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

7. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2025	1.534.576	49.185	557.509	2.141.270
Hagnaður ársins			52.528.652	52.528.652
Framlag í lögbundinn varasjóð		334.459	(334.459)	0
Eigið fé 31.12.2025	1.534.576	383.644	52.751.702	54.669.922

Skattamál

8. Tekjuskattur ársins 2025 að fjárhæð 242.299 kr. er færður til gjalda í rekstrarreikningi félagsins og til skulda í efnahagsreikningi.

Sundurliðanir

	2025	2024
Annar rekstrarkostnaður:		
Reikningshaldsleg þjónusta	347.309	0
Veittir styrkir	363.568	0
Útvarpsgjald	22.200	21.400
Annar kostnaður	7.400	151.900
Annar rekstrarkostnaður samtals:	740.477	173.300
Aðrar skammtímaskuldir:		
Ógreidd opinber gjöld, önnur en tekjuskattur ársins	22.200	42.300
	22.200	42.300

Undirritunarsíða

Arnar Þór Másson

Elín Soffía Ólafsdóttir

Lotta María Ellingsen

Sveinbjörn Sveinbjörnsson

Oddur Sturluson